

Fundur 20.1.2020 Bobby Fisher.

Komið þið sæl.

Velkominn hver sem þú ert.

Lengi hef ég haft hug á því að komast í samband við ykkur aftur, en aðstæður ekki verið hagstæðar fyrr en nú.

Og þykir mér langt um liðið. Er stórkostleg tilveran og lögmál lífsins. Og svo margt sem ég hef frá að segja, að ekki er ég viss um að mér takist að koma því öllu til skila.

Hef ég þurft að átta mig á lögmálum lífsins. Og var ég síður en svo tilbúinn að átta mig á lögmálum lífsins, þegar ég fór frá jörðunni.

En tel ég það snúa til betri vegar nú loksins í framlífi og er ég ykkur þakklátur fyrir að taka vel í erindi mitt á þeim tíma, þegar ég var nýlega horfinn frá jörðunni og fullur af andstæðum kenndum sem ég réði ekki við sem skyldi.

Hefur margt á daga mína drifið í framlífi og tel ég það gæfu mína að ná í gegn til ykkar í þessu sambandi þar sem við höfum ekki náð að hringjast.

Tengjast hnöttum þeim sem auðvelda okkur að tala út fyrir hnöttinn, en höfum tekið á móti mörgum samböndum.

Höfum tekið á móti miklu fleiri samböndum en okkur hefur tekist að tjá okkur, til annarra.

Eru, nú hef ég komist yfir þröskuldinn. Eru þar aðstæður ýmsar þess efnis á hnetti mínum að örðugt getur verið um samband og höfum við haft hug á því lengi að tala til ykkar aftur.

Hef ég sérstakt samband við ykkur og gömlu jörðina og met ég það ávalt mikils þegar okkur tekst að komast í gegn.

Er ég umdeildur maður á jörðinni og víðar og tel ég það mikil tímamót að fá að fá að tala til ykkar að nýju.

Stundum óska ég þess í þessu framlífi mínu, að ég hefði hlustað á viðvörunnar raddir sem komu frá fundi ykkar á sínum tíma.

Og kunni ég ekki skil á öllum þeim lögmálum sem hér gilda og var ég ósáttur við lífið og tilveruna og lennti í hringiðu atburða, sem ég ætla að vona að ég geti lýst hér á eftir.

Það er bara svo margt sem á daga mína hefur drifið, tel ég jafnvel að nauðsynlegt sé að útskýra sum atvik sem gerst hafa nær mér í tíma.

Má segja að ég í hringiðu atburðanna, hef upplifað hraðari atburðarrás heldur en margir á lengri tíma.

Og hefur það allt ekki verið þægilegt. Og tel ég því með sanni, að þessi nýju heimkynni mín sem ég er nú staddur í, séu mér til bóta og muni ég hér kunna að beita mér, sjálfum mér og öðrum til þroska og hef gefið mér tíma til að sjá tilveruna í nýju ljósi.

Hver ert þú?

Ég er Bobby Fisher.

Það grunaði mig, velkominn, sæll.

Sælir,

Vertu hjartanlega velkominn.

Pakka þér fyrir.

Við höfum heyrt að það hafi gengið mikið á.

Já vissulega, það hefur gengið ýmislegt á og hef ég að mörgu leiti þráð að komast í sambandið aftur. En það hefur ekki staðið svo vel á að það hafi tekist.

Trúðir þú ekki á þetta, áður en þú fórst héðan?

Trúði ég á hvað?

Að þú færir á annan hnött?

Nei, nei að vísu ekki, ég hreinlega gaf mér ekki mikinn tíma til að velta því fyrir mér, en hér í nýjum heimkynnum hef ég áttað mig á þessum lögmálum og fyllst af þakklæti.

Ég var of upptekinn af öðrum hugsunum, þegar ég var nýkominn yfir, að ég leyfði mér ekki að dást að undrum náttúrunnar og tilverunnar, lífsins.

Ég lagði út í styrjöld og voru upplýsingar til staðar sem jarðvegur, fyrir það sem gerðist.

Ég gaf mér ekki tíma til að skilja þessar kenningar til fulls. En eftir að aðstæður mínar versnuðu, að því að mér fannst í fyrstu. Varð ég að hugsa hlutina upp á nýtt og kynnast allt öðru fólki og setja mig inn í aðstæður á nýja hnettinum. Og setja mig inn í fjölmarga mismunandi hópa sem hér eru staddir og jarðfræðileg atriði.

Spyrja sjálfan mig að því, hvers vegna er ég hér staddur og hvert þessi hnöttur muni stefna.

Og ég þurfti að leita lengi að fólki sem gat veitt mér upplýsingar. Og fólki sem var mér sammála og minnti mig á þann stað sem ég hafði verið á áður.

Og höfðu samskonar tækifæri og tækni yfir að ráða til að ná sambandi við ykkur. Og ég fengi svör við spurningum mínum. Og fræðast um geiminn, lífið í kringum mig og bæta fyrir mistök mín.

Og fólk sem hefur upplýsingar til að vara ykkur við og aðra á mínum hnetti.

Ég, þetta er ekki, ég verð að útskýra það að ég er kominn á annan samastað en ég var á í upphafi.

Það sem ég á við er það, að ég er kominn á annan hnött, en ég kom á þegar ég var ný farinn af jörðinni. Er það sem ég vildi sagt hafa.

Eru ekki nema um það bil nokkur ár, ykkar tíma talið. Og þótti mér það heldur erfitt í fyrstu.

En langar mig til þess að lýsa fjölbreytileika þessa lífs sem ég lifi hér og,

Þurftir þú að deyja til að koma þarna fram?

Já, fjögur ár síðan það gerðist.

Var það í þessari styrjöld sem þú andaðist.

Var í varðhaldi og pyntingar og flóttu. Var hér mikið myrkur fyrst í stað, en hér eru margar vistaverur og sumar bjartar.

Margt af þessu var mér sagt á hnettinum serm ég var á áður. Og rifjaðist það upp fyrir mér þegar hingað kom.

Og leitaði ég upp það fólk sem gat útskýrt þetta betur fyrir mér. Og brotin röðuðust saman og skilningur minn jókst og hafði ég ekki veitt því mikla athygli, þegar ég við ykkur talaði.

En rifjaðist það upp og finnst mér það sífellt merkilegra eftir því sem ég kynnist þessum kenningum betur.

Þetta er gamall hnöttur, hann er mjög gamall og menningin sumstaðar gleymd og menningin allt öðru vísi en á gömlu jörðinni og þar sem ég kom fyrst.

Var það góður hnöttur þar sem ég kom fyrst og hef of margt að segja, verð að einskorða mig við fáein atriði.

Já, já.

Vil ég lýsa því hvernig umhorfs er hér, á þessum hnetti. Hér eru margar stéttir, hér er.

Á þeim hnetti sem ég kom fyrst á eftir að hafa verið á jörðinni, var fólkið allt fallett og með svipuðu yfirbragði, en hér eru svo margir ólíkir hópar, að ég veit að ég hef ekki náð að komast yfir að kynnast nema örlitlum hluta þeirra fjölmörgu hópa sem hér eru.

Á þeim hnetti sem ég var á áður en ég hingað kom, voru mörk dags og nætur eins og á jörðinni þar sem ég var skákmeistari, á gömlu jörðinni minni.

Hér á þessari jörð eru að vísu einhver mörk árstíða, eða lítil eða engin mörk dags og nætur.

Ég er ekki vísindamenntaður, en ég lærði um það á jörðinni, sem ég var á áður en ég hingað kom, að þetta er kallaður hnöttur með bundinn möndulsnúning.

Og er það stórmerkilegt að fyrst er ég hingað kom á þennan stað, þá vildi enginn kannast við þau hugtök.

Fólk sem talar mismunandi tungumál og sumir sem, flestir sem vilja ekkert við þau hugtök kannast.

Heldur eru með furðulegar og fráleitar hugmyndir um tilveruna, kalla það ýmsum nöfnum, sumum tengdum víti og öðrum einhverju öðru.

Og með furðulegar hugmyndir um, hverjum það er að kenna, að þeir eru staddir hér á þessum stað.

Og saka aðra um þau örlög. En ég frétti það, þegar ég hingað kom og hafði verið hér í um það bil ár, að til voru hópar manna sem ekki tóku þátt í þeim fjölmörgu skærum og styrjöldum sem hér ríkja.

Heldur ferðast stað úr stað og lifa af landsins gagni og nauðsynjum og líkna jafnvel öðrum sem hafa særst í styrjöldum.

Og reyna að boða þeim kærleiksboðskap og útskýra fyrir þeim, megin þætti tilverunnar.

Að þeir séu staddir á hnetti en ekki í forarpytti óvinarins eða einhverju slíku.

Furðuleg hugtök og tók það mig langan tíma að leita uppi þessa hópa. Og fór ég svo að raða brotunum, þegar ég komst til þeirra og höfðu þeir yfir að ráða þessum æfafornu byggingum sem ég er staddur, inn í einni slíkri byggingu.

Já, já.

Er hún fjarri alfara leið. Og er hér gríðarlega stórt allt og mikið, og niður nýtt sumt. En þakið trjám og gróðri, uppi á háu fjalli.

Og stórkostleg orkan þó, sem umvefur okkur og læknumst við mikið hér inni, og biðjum til margra guða, gyðja, goðmagna.

Erum við sífellt hrædd um að stöð þessi verið uppgötvuð. Þar sem múslímskar vígasveitir hafa í sumum löndum, hafa viljað eyðileggja allar slíkar gamlar byggingar og telja þær brjóta í bága við trú sína.

Og er það gömul saga frá jörðinni og get ég þó sagt að trúarhóparnir hér á þessari jörð eru flóknari en á jörðinni en samt eru sömu sumir.

Og skil ég nú hve það orð var mikilvægt sem ég lærði á þeirri jörð, sem ég fyrst kom á og talaði til ykkar frá, er ég var ný látinn, sem er samstilling.

Og skortir mikið upp á það á þessari jörð.

Tel ég nú að ég hafi útskýrt aðstæður á þessari jörð.

Vil ég spyrja ykkur hvort þið hafið skilið það sem ég hef sagt?

Já, já, ég hef það.

Eru styrjaldir háðar þarna á þessari jörð?

Já, fjölmargar styrjaldir, hér eru stöðugar sprengingar og árásir fjölmargra hópa trúar- og stjórnmála.

Eru það aðallega á milli trúarbragða?

Já að stórum hluta en ekki einungis.

Ég vildi koma því til skila að þeir halda því fram hér, að helstefnu öfl vilji ná gömlu jörðinni ykkar á sitt vald og fleiri hnöttum.

En það kann að vera að þið hafið heyrt það áður. Ég næ ekki að útskýra þetta nógu vel.

En ég vil senda þakklæti mitt til þriggja manna, sérstaklega á Íslandi.

Mister Oddson, Davíð, sem tók á móti mér og hleypti mér, Sæmundur og einn annar sem ég get ekki nefnt.

Er það sá sem skrifaði bókina um þig?

Já.

Það er fjölda margt sem ég gæti útskýrt fyrir ykkur, það er,

Veist þú hvort Olof Palme er á sömu jörð og þú?

Nei, það er allt annað, ef ég kemst aftur, vil ég útskýra þetta betur.

Það gerðist svo margt á þeim tíma, þegar við töpuðum okkar styrjöld og til þess tíma er ég var skotin á flóttu frá böðlum mínum og,

Var það á Síons hnetti?

Já, fór ekki á sama stað og hinir, ég hef ekki verið fær um að, mjög, fá svona sambönd sem ég hef komist í á þessum hnetti.

En ég vil biðja þess að síðustu að þið hugsið til okkar og biðjið æðri máttarvöld að styrkja okkur, til að komast á betri leið og komast oftar í sambandið, það er erfitt fyrir okkur.

Við gerum það.

En finnst mér gott að geta tjáð mig um þetta og vona ég, að mér takist það síðar. Er fjölmargt sem ég gæti sagt fleira, ef ástæður væru betri.

En vegalengdin er löng á milli og orkan lítil á okkar hnetti miðað við það sem þyrfti.

En er hér þó gott fólk, í þeim, eru þetta kallaðar Steinborgirnar miklu og glerkastalarnir miklu á þessari jörð.

Og ná þúsundir ára aftur í tímann og tilheyra menningarskeiði sem gleymt er, og eru nokkrir, stórar fjölskyldur, ungir og aldnir sem taka þátt í þessu hirðingja lífi.

Og líkna þeim serm hafa verið í bardögum og finnst mér ég hafa kynnst aftur, kærleika móður minnar og annarra liðinna ættingja sem ekki eru hér en sem mig hefur dreymt.

Get ekki haldið mikið meira áfram, verð ég að koma síðar.

Verið þið, þakka ég ykkur fyrir og vona að ég geti komið síðar.

Og þakka ég kærlega öllum Íslendingum sem við mér tóku á sínum tíma og sýndu mér kærleika og merkileg þjóð.

Merkileg þjóð ykkar þjóð og óska ég ykkur alls hins besta.

Reyni ég að koma síðar, verið þið sæl.

Vertu blessaður, og vertu velkominn aftur, gangi þér vel.